

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Hæðarenda.*  
Breytingin nær til 9. gr. skilmála. Í stað 120 m<sup>2</sup> hámarksstærðar verður hámarksnýtingarhlutfall lóða 0,03. Heimilt verður að byggja eitt frístundahús ásamt allt að 40 m<sup>2</sup> aukahúsi á hverri lóð.  
Samþykkt í sveitarstjórn 5. júní 2013.
2. *Deiliskipulag frístundabyggðarinnar Grófarhöfði í landi Stærri-Bæjar.*  
Í deiliskipulaginu eru markaðar 56 frístundahúsalóðir þar sem heimilt verður að reisa eitt frístundahús og allt að 40 m<sup>2</sup> geymslu, svefnhús eða gróðurhús. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,03.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. nóvember 2013.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 30. desember 2013.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 14. janúar 2014